

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um skýrslur um loftslagsmál.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvenær skilaði verkefnisstjórn síðast skýrslu um framgang aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, sem skal skilað árlega skv. 4. mgr. 5. gr. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012?
- Hver er ástæða þess að ráðherra hefur ekki flutt Alþingi skýrslu um stöðu loftslagsmála, sbr. 2. mgr. 5. gr. d sömu laga?

Skriflegt svar óskast.